

Skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Jóhanns Jónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Jóhanns Jónssonar. Er hann stofnaður með dánargjöf Jóhanns Jónssonar frá Hrauni á Skaga, sem andaðist í Selkirk í Manitoba í Canada.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og undir stjórn háskólaráðsins.

3. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í íslenskum ríkisskuldabréfum eða öðrum íslenskum verðbréfum jafntryggum.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skulu allir vextir lagðir við höfuðstólinn, þangað til hann er orðinn 25.000 krónur. Eftir þann tíma skal verja 4/5 hluta vaxtanna árlega samkvæmt því, er segir í 5. gr., en 1/5 hluti vaxtanna leggist árlega við höfuðstólinn.

5. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem ekki er lagður við höfuðstólinn, skal varið til þess að styrkja efnilega háskólanemendur, er eigi hafa nægan fjárfkost til þess að kosta sig sjálfir við háskólann. Þeir einir geta orðið styrks aðnjótandi, sem komnir eru úr sveit, og skulu þeir að öðru jöfnu ganga fyrir, sem komnir eru úr Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu. Háskólaráðið úthlutar styrknum í janúarmánuði ár hvert. Engum stúdent skal veita minni styrk en 400 krónur.

6. gr.

Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Árbók háskólans.